

30. fundur

3. janúar 2019

1604378 SA

Málalykill: 16.32

Fundargerð samstarfsnefndar Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 3. janúar 2019 í Borgartúni 6, Reykjavík.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins, Anna María Frímansdóttir.

Fyrir hönd sambandsins, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Innleiðing starfsmats

Samkvæmt fundargerð 14. maí 2018 var reiknað með að innleiðingu starfsmats yrði lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

Innleiðingarferlið hefur tekið lengri tíma og náðist því ekki að ljúka því á tilskyldum tíma.

SNS lagði til á fundi með formönnum og starfsfólki aðildarfélaga BHM þann 17. desember 2018 að innleiðingu starfsmats yrði framhaldið og lokið eigi síðar en í lok janúar 2019.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að innleiðingu starfsmats samkvæmt ákvörðun sem formenn aðildarfélaga tóku í kjölfar fundar sem haldinn var með SNS þann 17. desember 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið.